

280. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 21. ÁGÚST 2018 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Fjármál
 - a) Kirkjumálasjóður, rekstraruppgjör fyrir janúar til júlí 2018.
 - b) Húsaleigumál prestsetra.
 - c) Kirkjumálasjóður, viðhald Laugavegar 31, gluggaverkefni.
- 3) Fasteignir
 - a) Fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs dags. 20. ágúst 2018
 - b) Kauptilboð Kirkjumálasjóðs í fasteignina Sunnuvegur 4 á Þórshöfn.
 - c) Breiðabólsstaður, ósk um leigu á landi. Áður á dagskrá 278. fundar.
 - d) Syðra Laugaland í Eyjafjarðarsveit, ósk um leigu eða kaup á spildu úr jörðinni.
 - e) Hraungerði, yfirmatsgerð skv. ábúðarlögum vegna ábúðarloka.
 - f) Yfirfærsla jarðeigna, boðað erindi fjármála- og efnahagsráðuneytis.
 - g) Valþjófsstaður, veiðifélag Jökulsár á Dal, úthlutun arðs.
 - h) Mosfell í Mosfellsbæ, framkvæmdir við bílastæði.
 - i) Saurbær á Hvalfjarðarströnd, fundargerð verkskilafundar og erindi sóknarprests.
 - j) Kolfreyjustaður, endurheimt votlendis, erindi Votlendissjóðs.
 - k) Reykholtsskógar, samningur um leigu lands og ræktun skóga.
- 4) Málefni Skálholts
 - a) Skálholtsstjórn, 48. fundargerð.
 - b) Skálholtskógar, samningur um leigu lands og ræktun skógar.
- 5) Ráðning í stöðu jafnréttisfulltrúa þjóðkirkjunnar.
- 6) Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon,

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem ritaði fundargerð. Þá sátu fundinn undir lið 3. i. séra Kristinn Jens Sigurþórsson og Hjördís Stefánsdóttir.

2. FJÁRMÁL

a) *Kirkjumálasjóður, rekstraruppgjör fyrir janúar til júlí 2018.*

Uppgjörið lagt fram. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að kynna stöðuna fyrir ábyrgðaraðilum viðfangsefna sjóðsins.

b) *Húsaleigumál prestsetra.*

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra. Kirkjuráð ályktar að fram fari athugun á málinu m.a. m.t.t. þess hvort kerfið feli í sér mismunun. Fasteignasviði verði falið ásamt kirkjustarfs- og fasteignahópi að skoða málið. Það verði síðan lagt fyrir næsta fund kirkjuráðs.

c) *Kirkjumálasjóður, viðhald Laugavegar 31, gluggaverkefni.*

Lögð fram útskrift af ákvörðun byggingafulltrúa um að heimila að gluggar hússins verði færðir í upprunalegt horf. Fram kom að samstarf hefur verið um málið við Minjastofnun.

3. FASTEIGNIR

a) *Fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs dags. 20. ágúst 2018*

Fundargerðin lögð fram. Tekið fyrir 2. mál, Breiðabólsstaður, ósk sóknarprests um að fá leigða spildu úr landi Breiðabólsstaðar. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins um að ákvörðun verði frestað þar til mótuð hefur verið eignastefna þjóðkirkjunnar en stefnt verði að því að slík stefna komi fyrir kirkjuþing 2018. Tekið fyrir 3. mál drög að erindi fjármála- og efnahagsráðuneytis um yfirfærslu jarðeigna. Samþykkt tillaga starfshópsins um að óskað verði eftir fundi með ráðuneytinu um málið. Tekið fyrir 4. mál, erindi Örnú Bjargar Bjarnadóttur varðandi viðhald Valþjófsstaðar. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins um að Örnú verði heimilaðar lagfæringar á útihúsum á eigin kostnað. Tekið fyrir 5 mál. Lögfræðingi kirkjumálasjóðs veitt umboð til að ljúka gerð lóðarleigusamninga í Reykholti.

b) *Kauptilboð Kirkjumálasjóðs í fasteignina Sunnuvegur 4 á Þórshöfn.*

Tilboðið lagt fram. Kirkjuráð staðfestir það og felur framkvæmdastjóra að ganga frá kaupnum.

- c) *Breiðabólstaður, ósk um leigu á landi. Áður á dagskrá 278. fundar.*
Málið áður á dagskrá undir lið 3. a. og þar afgreitt með ályktun.
- d) *Syðra Laugaland í Eyjafjarðarsveit, ósk um leigu eða kaup á spildu úr jörðinni.*
Kirkjuráð vísar til ályktunar undir lið 3. a. um sambærilegt erindi og frestar afgreiðslu á erindinu.
- e) *Hraungerði, yfirmatsgerð skv. ábúðarlögum vegna ábúðarloka.*
Matsgerðin lögð fram til kynningar.
- f) *Yfirfærsla jarðeigna, boðað erindi fjármála- og efnahagsráðuneytis.*
Málið áður á dagskrá undir lið 3. a. og þar afgreitt með ályktun.
- g) *Valþjófsstaður, veiðifélag Jökulsár á Dal, úthlutun arðs.*
Erindið lagt fram til kynningar.
- h) *Mosfell í Mosfellsbæ, framkvæmdir við bílastæði.*
Erindið lagt fram til kynningar.
- i) *Saurbær á Hvalfjarðarströnd, fundargerð verkskilafundar og erindi sóknarprests.*
Fundargerðin og erindi sóknarprests lögð fram. Kirkjuráð ályktar að fengin verði kostnaðaráætlun út frá fyrirbyggjandi skýrslu.
- j) *Kolfreyjustaður, endurheimt votlendis, erindi Votlendissjóðs.*
Erindið lagt fram. Kirkjuráð ályktar að fela kirkjustarfs- og fasteignahópi að leggja mat á erindið.
- k) *Reykholtskógar, samningur um leigu lands og ræktun skóga.*
Samningurinn lagður fram. Kirkjuráð staðfestir samninginn og fagnar verkefninu.

4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

- a) *Skálholtsstjórn, 48. fundargerð.*
Fundargerðin lögð fram. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar kirkjuráðs.
- b) *Skálholtskógar, samningur um leigu lands og ræktun skógar.*
Samningurinn lagður fram. Kirkjuráð staðfestir samninginn og fagnar verkefninu.

5. RÁÐNING Í STÖÐU JAFNRÉTTISFULLTRÚA ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Málið áður á dagskrá 278. fundar kirkjuráðs sbr. einnig samþykkt kirkjuþings 2017.
Kirkjuráð ályktar að fela fjármalahópi kirkjuráðs að skoða málið betur.

6. ÖNNUR MÁL

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.

Næsti fundur er áætlaður 11. september 2018.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Gunnarsson

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon